

Skýrsla

um skólahald á Litla-Hrauni á vorönn 2010

Að þessu sinni hófst kennsla á Litla-Hrauni á vorönn 7. janúar en daginn áður höfðu stundaskrár og námsgögn verið afhent. Þá höfðu 38 nemendur innritað sig til náms - þar af einn í fjarnám við Keili, annar við fjarnám í HR, sá þriðji í fjarnám við FAS og sá fjórði í fjarnám við FÁ og VÍ til þess að geta lokið stúdentsprófi í lok annarinnar - og einn nemandi að auki sótti daglega nám á Selfossi. 1 nemendanna var í byrjun annarrar kennsluviku fluttur á Kvíabryggju og hóf því aldrei námið, 4 fóru á Vernd fyrir miðja önnina og lauk aðeins einn þeirra einhverjum prófum áður. Tveir losnuðu úr þrisundinni eftir skamma skólavist án þess að ljúka prófum og einn skömmu fyrir annarlök. Einnig átti nemendum eftir að fjölga á önninni eins og jafnan hefur gerst og kom sá síðasti í hópinn í lok apríl úr Kópavogsfangelsinu, en þaðan hafði hann stundað fjarnám við VÍ, FÁ og MK. Þreytti hann samtals 10 próf í jafnmörgum greinum með misjöfnum árangri. Allt í allt urðu nöfn námsmanna á Litla-Hrauni, sem á einhvern hátt lentu á pappírurum undirritaðs, 58 þessa önn og má því segja að um sprengingu í nemendafjölgun hafi verið að ræða.

Sex kennarar komu reglulega að Litla-Hrauni auk kennslustjóra og náms- og starfsráðgjafa. Kenndu þeir samtals 9 greinar og að auki kenndi undirrit. tveimur nemendum þýsku. 19 kennarar við FSu sáu um fjarnámsáfanga, aðra en þá sem áður var getið um, en þurftu aldrei að koma í fangelsið. Bætti þetta að nokkru leyti upp mikinn niðurskurð á staðbundinni kennslu á Litla-Hrauni.

Í eftirfarandi töflu má sjá hversu oft hvaða einkunn kom fyrir, hversu margar einingar lágu undir á önninni og hve margar voru staðnar. **F**-in 38 sýna að nemendur hafa ekki skilað sér í 38 próf og skýrir það að nokkru leyti slakt hlutfall staðinna/undirlagðra eininga.

<i>Einkunn</i>	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	<i>S</i>	<i>F</i>	<i>Ein.undir</i>	<i>Ein. st.</i>
<i>Fjöldi</i>	4	21	19	18	13	14	3	9	7	18	9	38	474	243

Í fyrsta skipti í sögu skólans var verið með einingabært nám í ensku og íslensku, þar sem eingöngu útlendingar í fangelsinu sóttu kennslustundir. Eftir er að meta árangurinn af því fyrirkomulagi.

Einum nemanda var vísað úr skóla vegna misnotkunar á netsambandi skólans.

Skömmu fyrir annarlök var farið að vista nokkra nemendur á Bitru og voru nokkur próf haldin þar. Tveir þeirra brautskráðust frá FSu 21. maí sl., annar af GBM og hinn af GR. Fékk annar þeirra viðurkenningu fyrir góðan námsárangur við það tækifæri.

Þá brautskráðist einn vistmanna á Litla-Hrauni sem stúdent af tveimur brautum.

Um mánaðarmótin okt./nóv. sótti undirrit. ráðstefnu EPEA sem að þessu sinni var haldin á Kýpur. Eins og árið 2008, þegar síðasta ráðstefnan var haldin, veitti Menntaáætlun ESB/Grundtvig styrk til fararinnar, þannig að hvorki FSu né dmr. þurftu að bera kostnað af þátttökunni.

Selfossi, 01.06. 2010